

Skólaráðsfundur, 8. október 2025

Mætt: Sigurbjörg, Vigdís, Snorri, Sigurður, Kristín, Elín, Kolka og Bergrós.

Á dagskrá var eitt mál, samþykki skólaráðs á starfsáætlun skólans.

Starfsáætlun.

Búið er að setja inn nýjan kafla um skólareglurnar.

Farið var yfir umbótaáætlun.

1. Námsáætlanir og hæfniviðmið skólans. Er í vinnslu, stendur til að fara í samstarf með þessa vinnu með Waldorfskólanum í Lækjarbotnum.
2. Samstarf við Waldorfleikskólann, frá efsta stigi leikskóla yfir í 1. bekk grunnskóla. Er unnið áfram sem þróunarverkefni. Um 75% nemenda koma yfir í grunnskólann úr Waldorfleikskólanum eins og er.
3. Þróunarhópur - tvítyngdir nemendur og ÍSAT kennsla. Markmið að ljúka vinnu í lok desember og byrja að vinna eftir áætlun á vorönn 2026.
4. Þróunarhópur - yfirfara verkferla skólans. Vinnu lokið og eftirfylgni verður í vetur og úrvinnsla á starfsdögum á vorönn.

Hugmynd að nýju þróunarverkefni er að endurskoða námsmatsferla.

Starfsáætlun samþykkt.

Almennar fyrirspurnir:

Verið er að tala um að samræma námsmat í almenna kerfinu, t.d. hjá Kópavogsbæ og í Hafnarfirði. Spurt hvort Waldorfskólinn ætli að gera það. Reykjavíkurborg hefur enn ekki ákveðið stefnu hvað varðar námsmat og samræmd próf. Waldorfskólinn hefur fylgt þeirri stefnu að taka samræmd próf þegar þau eru lögð fyrir og mun gera það áfram ef þau verða sett aftur á.

Spurt er um hvernig mönnun er í skólanum. Skólinn er fullmannaður kennurum miðað við nemendafjölda. Fjöldi stuðningsaðila/skólaliða fer framúr því fjármagni sem skólinn fær úthlutað til þess.

Spurt um hvort skólinn nýti sér alla þjónustu sem er í boði hjá Norðurmiðstöð. Skólinn gerir það, Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir á 6 vikna fresti. Í ráðinu sitja tveir ráðgjafar Norðurmiðstöðvar og hjúkrunarfræðingur skólans, auk sérkennara skólans og fulltrúa skólastjórnar. Ráðgjöf er einnig inni í teymisvinnu þar sem það á við.

Greint Waldorf kennsluráðgjöf kemur inn í skólann tvisvar á ári með Godi Keller, norskum waldorfkennara og fyrrverandi kennara við Waldorfkennaraháskólann í Osló.

Fyrirspurn kom frá nemendaráði um félagsstarf í samstarfi elstu hópa í báðum waldorfskólunum og var ákveðið að hafa samband við Waldorfskólann í Lækjarbotnum varðandi það.

Fundir vetrarins settir:

26. nóv. kl.15:00

11. feb. kl.15:00,

20. maí kl.15:00

Fundi slitið.